

Sp.

572. Tillaga til þingsályktunar

[258. mál]

um fiskihafnir.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar, að allar fiskihafnir landsins verði gerðar að landshöfnum, en telur eðlilegt, að framkvæmd þess verði í áföngum.

Greinargerð.

Með lögum frá Alþingi eru öllum sveitarfélögum ætlaðir sömu tekjustofnar. Það verður því að teljast réttlætismál, að þeim séu ætluð hliðstæð verkefni. Mikið hefur skort á, að svo væri. Fiskihafnirnar hafa tekið til sín bróðurpartinn af fjárhagsgetu sjávarplássanna og þar með orðið þess valdandi, að þjónustustarfsemi og framkvæmdir á öðrum sviðum hafa setið á hakanum.

Fiskihafnirnar eru hluti af atvinnutækjum sjávarútvegsins, jafnauðsynlegar og bátarnir og frystihúsin. Kostnaður við þær er því með réttu hluti af rekstrar-kostnaði sjávarútvegsins. Þar sem vitað er, að sjávarútvegurinn greiðir opinber gjöld að fullu til jafns við aðra atvinnuvegi, ber honum og sú þjónusta af hálfu ríkisvaldsins, er hann þarfnast.

Á sama tíma og ríkisvaldið veitir sjómönnum skattfriðindi sem viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi þeirra starfa, sem þeir vinna, er það í hrópandi ósamræmi, að sjávarplássum, heimkynnum þeirra, er gert að skyldu að leggja svo mikið fé til hafnarmála, að fjárhagsgetu þeirra er ofboðið og önnur þjónusta lönuð.

Hver vill búa á svæði, sem er þannig dæmt til kyrrstöðu?

Hver vill bera ábyrgð á því að dæma þessi svæði til slíkrar kyrrstöðu? Hafa þeir, sem vinna við fiskinn, eitthvað til saka unnið, sem réttlætir þær aðgerðir af hálfu hins opinbera að ræna sveitarfélög þeirra svo framkvæmdagetu sinni?

Ég segi nei, og þess vegna legg ég til, að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Jafnframt vísa ég til fylgiskjals, sem er ályktun Fjórðungssambands Vestfjarða 18. marz s. l. um sama efni.

Fylgiskjal.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt með samhljóða atkvæðum á fulltrúafundi, sem haldinn var á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði 18. þ. m.:

„Fulltrúafundur um hafnamál, haldinn á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, skorar á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja, að við endurskoðun hafnarlaga verði allar fiskihafnir landsins gerðar að landshöfnum.“

Greinargerð.

Vandamálið, sem hér um ræðir, er öllum þeim aðilum, sem hér eiga um að fjalla, vel kunnugt. Sú staðreynd er augljós og viðurkennd, að langsamlega flestar hafnir landsins búa við alvarlega og sívaxandi greiðslu- og rekstrarerfiðleika, og þá ekki hvað sízt þær hafnir — fiskihafnir —, sem tilgreindar eru í framangreindri samþykkt fulltrúafundar F. V.

Rekstrartekjur fiskihafnanna nægja alls ekki fyrir vaxtagreiðslum og öðrum beinum rekstrargjöldum. Vonlaust er að ná endum saman með því einu að hækka tekjustofna hafnanna frá því, sem gert hefur verið. Slíkar stóráuknar álögur, — ef til kæmu — væru gjörsamlega ofviða greiðslugetu þeirrar þjónustu- og atvinnustarfsemi, sem tekjur hafnanna hvíla fyrst og fremst á.

Fiskihafnirnar víðsvegar um landið eru grundvöllur atvinnulífsins og lífæð viðkomandi byggðarlaga. Af þeim sökum hafa sveitarfélögin á liðnum árum lagt mikla áherzlu á uppbyggingu hafnarmannvirkja og tekið á sig þungbærar fjárhagslegar skuldbindingar í þeim efnum. Umrædd sveitarfélög hafa því ekki komið hjá því að verja verulegum hluta af ráðstöfunartekjum sínum til hafnarmálanna, auk þess sem þau hafa tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna hafnargerða, er gera þeim á margan hátt mjög erfitt fyrir varðandi fjármagnsútvegum vegna annarra aðkallandi framkvæmda.

Þetta óumflýjanlega og erfiða framtak sveitarfélaganna er gert til að treysta atvinnugrundvöll landsbyggðarinnar og til að skapa stærri fiskiskipum og vaxandi útgerð viðunandi athafnaaðstöðu. En þessi mikla greiðslubyrði vegna hafnarmálanna hefur mjög alvarlega lamað nauðsynlega athafnagetu sveitarfélaganna, þar sem meginhluti þess fjármagns, sem þau hafa til ráðstöfunar hverju sinni, fer til þess að standa undir rekstri hafnanna. Fjölmörgum aðkallandi verkefnum viðkomandi sveitarfélaga er því alls ekki unnt að sinna.

Enda þótt fiskihafnir landsins séu lífæðar viðkomandi byggðarlaga, má sízt gleyma þeirri höfuðstaðreynd, að þær eru fyrst og fremst grundvöllur þeirrar atvinnugreinar — fiskveiðanna —, sem leggur þjóðarhúinu til meginhluta gjaldeyris-teknanna. Það er því þjóðarheildin, þjóðarbúið, sem fyrst og fremst nýtur hagnaðar og ávinnings af rekstri og gerð fiskihafna, því þær eru óumdeilanlega sú ómissandi undirstaða, sem gjaldeyrisöflun Íslendinga byggist aðallega á.

Með þessa augljósu staðreynd í huga er það ljóst, að það er bæði sanngirniss- og réttlætiskrafa þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, að bera þá ósk fram við Alþingi og háttvirta ríkisstjórn, að þjóðin í heild taki á sig og standi undir mannvirkjagerð og rekstri fiskihafnanna, að þær verði sem allra fyrst gerðar að landshöfnum.

Þeir, sem kunnugir eru þessu mikla vandamáli sveitarfélaganna og þekkja jafnframt til margháttaðra erfiðleika landsbyggðarinnar í atvinnu- og framkvæmdamálum, gera sér það ljóst, að þýðingarmikið og raunhæft spor væri stigið í áttina að því fyrirheiti að auka jafnvægi í byggð landsins og styrkja aðstöðu landsbyggðarinnar, ef fiskihafnirnar yrðu gerðar að landshöfnum.